


Sigurður

Örlygsson á

Kjarvalsstöðum:



Sigurður Örlygsson: Þessir hlutir henta mér (ljósm. Þjv. Leifur)

Sigurður Örlygsson opnar sýningu á Kjarvalsstöðum í dag, laugardaginn 13. maí. Hann sýnir fjöruftu og þrjár myndir. Þær eru allar málaðar síðan um áramót. Hvernig fer fyrir myndlistarsögunni ef þessum afköstum heldur áfram?

Heimurinn fyllist af málverkum, sagði Sigurður.

Það er hægur vandi að þekkja þá hluti sem setja saman þessar

Bangsímonarnir — og strangur skóli

myndir. Stólar eru þar margir. Tíður gestur er einnig pensill með skafti og fari eftir þann lit sem hann hefur á eftir sér dregið. Bangsímonar margir horfa sakleysilega framan í gestinn. Á einni og sömu mynd getum við fundið túttusyrpu, sem rifjar upp bernskutiðindi og svo ýmislegt annað sem ekki verður nefnt, líka ruggustóla sem hæfa sögufróðum ömmum, þá svarta ferninga miskunnarlausrar gagnrýni, ennfremur gátum við til vinstri séð tannhjól iðnvæðingar leitast við

að brjótast inn í þennan heim, um leið og fjölublár iðrunarlitur kapólskunnar lagði sitt til málnanna neðst til hægri.

Við stungum upp á því, að þessi mynd gæti heitið „Samhengið í íslenskum bókmennnum“.

Sigurður Örlygsson hafði í sjálfu sér ekkert á móti því. En hann tók skýrt fram, að hann væri ekki að segja sögur í myndum sínum. Ég var sagði hann, alinn upp í ströngum skóla geometrískar afstraksjónar, og ég er feginn að hafa gengið í gegnum þann

skóla. Þegar ég nú tek þekkjandi hluti og bý til úr þeim myndir, þá eru þeir valdir vegna þess, að form þeirra henta mér. En þessir hlutir — bangsar, borð, stólar, penslar, þeir kannski taka upp einhverskonar sambúð og færast smám saman lengra inn í ákveðna merkinu.

En sem fyrr segir: Ég tek úr hlutveruleikanum þá þætti sem mér henta. En ef menn hafa gaman af að lesa inn í þetta samhengi eitthvað frá sjálfum sér, leggja út af myndunum á sinn hátt, þá er það ekki nema til góðs fyrir alla aðila. Þú segir að þessi leikur lita og hluta minni þig á lítil börn. Því ekki það? Ég var sjálfur að eignast mitt fyrsta barn á dögnum...

áb




Vor í Reykjavík

Við bjóðum landsmenn velkomna til Reykjavíkur. Vekjum athygli á þeim sérstöku vorkjörum, sem við bjóðum nú á gistingu. Leitið upplýsinga, — hafið samband við okkur, eða umboðsskrifstofur Flugleiða um land allt.



HOTEL ESJA

Suðurlandsbraut 2. Sími 82200



HOTEL LOFTLEIÐIR

Reykjavíkflugvelli. Sími 22322



Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar
Vonarstræti 4 sími 25500

Starfsfólk í heimilishjálpi

Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar óskar að ráða starfsfólk til Heimilisþjónustu 4 til 8 tíma á dag. Nánari upplýsingar veittar að Tjarnargötu 11, sími 18800



Tilkynning til söluskattsgreiðenda

Athygli söluskattsgreiðenda skal vakin á því, að gjalddagi söluskatts fyrir apríl mánuð er 15. maí. Ber þá að skila skattinum til innheimtumanna ríkissjóðs ásamt söluskattsskýrslu í þrítíti. Fjármálaráðuneytið 10. maí 1978

LAUSAR STÖÐUR

Við Flensborgarskólann í Hafnarfirði, fjölbrautaskóla, eru lausar nokkrar kennarastöður, einkum í íslensku, stærðfræði, listgreinum, vélritun og íþróttum. Æskilegt er að umsækjendur geti kennt fleiri kennslugreinar en eina. Laun samkvæmt launakerfi starfsmanna ríkisins. Umsóknir, ásamt ytarlegum upplýsingum um námsferil og störf, skulu hafa borist menntamálaráðuneytinu, Hverfisgötu 6, Reykjavík, fyrir 10. júní n.k. Umsóknareyðublöð fást í ráðuneytinu. Menntamálaráðuneytið, 11. maí 1978.

ÚTBOÐ

Hitaveita Akureyrar

óskar eftir tilboðum í lagningu dreifikerfis Hitaveitu Akureyrar 6. áfanga Útboðsgögn verða afhent á skrifstofu Hitaveitu Akureyrar Hafnarstræti 88b Akureyri, frá og með þriðjudeginum 16. maí 1978 gegn 30 þús. króna skilatryggingu. Tilboð verða opnuð á skrifstofum Akureyrarbæjar Geislagötu 9 Akureyri, föstudaginn 26. maí 1978 kl. 11.00 f.h. Hitaveita Akureyrar.

Utanríkisráðuneytið

óskar að ráða nú þegar ritara til starfa í utanríkisþjónustunni. Umsækjendur verða að hafa góða kunnáttu og þjálfun í ensku og a.m.k. einu öðru tungumáli. Fullkomin vélritunarkunnátta áskilin. Eftir þjálfun í utanríkisráðuneytinu má gera ráð fyrir, að ritarinn verði sendur til starfa í sendiráðum Íslands erlendis, þegar störf losna þar. Eiginhandarumsóknir með upplýsingum um aldur, menntun og fyrri störf verða að hafa borist utanríkisráðuneytinu, Hverfisgötu 115, Reykjavík, fyrir 23. maí 1978.

Utanríkisráðuneytið